

/ ISAVIA INNANLANDSFLUGVELLIR

GJALDSKRÁ FLUGVALLA UTAN
KEFLAVÍKURFLUGVALLAR

Gildir frá 1. apríl 2023



ISAVIA

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	3
2. Fluggjöld	4
2.1 Lendingargjald	4
2.2 Farþegagjöld	4
2.3 Stæðisgjald	5
2.4 Flugverndargjald.....	5
2.5 Gjald fyrir þjónustu utan opnunartíma	6
3. Önnur gjöld.....	7
3.1 Aðgangskort og fjarstýringar	7
3.2 Gjald fyrir úrvinnslu krana og/eða annara hindrana í nágrenni flugvalla.....	7
3.3 Gjald fyrir Beiðni um drónaflug í nágrenni flugvalla.....	7
4. Annað	7

1. INNGANGUR

Isavia samstæðan rekur öflugt net flugvalla á Íslandi og flugleiðsögubjónustu á einu stærsta flugstjórnarsvæði heims. Isavia Innanlandsflugvellir er þjónustufyrirtæki í rekstri flugvalla og leggur grunn að öflugum flugsamgöngum á Íslandi.

Í eftirfarandi skjali eru fluggjöld þeirra flugvalla sem Isavia Innanlandsflugvellir reka. Gjöldin hafa verið samþykkt af Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og voru kynnt á notendafundi 13. desember 2022.

Gjaldskráin gildir frá 1. apríl 2023, gjöldin eru endurskoðuð árlega en Isavia Innanlandsflugvellir áskilur sér rétt til þess að breyta gjaldskránni ef ástæða þykir til.

Fyrirtækið er ekki ábyrgt fyrir innsláttarvillum eða öðrum villum sem kunna að vera í þessu skjali.

Viðskiptaskilmála Isavia Innanlandsflugvalla ehf. er að finna á heimasíðu Isavia samstæðunnar: www.isavia.is.

Notendum er bent á að gjaldskrá Isavia Innanlandsflugvalla er eingöngu vegna þjónustu sem Isavia Innanlandsflugvellir veitir og hún inniheldur ekki gjöld vegna annarra flugþjónustuaðila á innanlandsflugvöllum.

Vinsamlegast hafið samband við innheimta@isavia.is fyrir athugasemdir við reikninga.

2. FLUGGJÖLD

Eftirfarandi eru fluggjöld fyrir flugvelli innanlandskerfis utan Keflavíkurflugvallar.

2.1 LENDINGARGJALD

Fyrir hverja skráða landingu loftfars skal greiða landingargjald. Gjaldið er reiknað fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaks massa loftfars (MTOW)¹ fyrir hverja landingu.

Lendingargjaldið er eftirfarandi:

Flugvöllur	ISK fyrir hvert byrjað MTOW
Reykjavíkurflugvöllur	1.440
Aðrir flugvellir	696

Undanþágur:

- Loftför í leitar- og björgunarflugi.
- Loftför sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð enda hafi ekki verið lent á örðum flugvelli.
- Loftför sem flytja þjóðarhöfðingja.
- Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.
- Loftör með hámarksflugtaks massa undir 2.000 kg.

2.2 FARÞEGAGJÖLD

Farþegagjöld greiðast fyrir hvern brottfararfarþega með loftfari í áætlunar- og leiguflugi.

Farþegagjöld fyrir hvern brottfararfarþega eru eftirfarandi:

Aldur farþega	Reykjavíkurflugvöllur (ISK)	Aðrir flugvellir (ISK)
12 ára og eldri	1.735	800
2-11 ára	970	395

Undanþágur:

- Börn yngri en 2 ára.
- Skráð áhöfn loftfars.
- Transit farþegar.

¹ MTOW þýðir hér hámarks flugtaks massi loftfars sem leyfður er í skráningarríki loftfars.

2.3 STÆÐISGJALD

Sé flugvél skemur en 6 klst. í stæði reiknast ekki stæðisgjald. Eftir 6 klst. í reiknast stæðisgjald frá komutíma til brottfarartíma.

Stæðisgjald er reiknað eftir 6 klst. og er rukkað frá lendingu og að brottför. Stæðisgjald er rukkað fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarks flugtaks massa fyrir hvern byrjaðan sólahring eins og neðangreind tafla sýnir.

Tími (klst frá komu að brottför)	ISK fyrir hvert byrjað MTOW tonn
0 – 6 klst.	0
6 – 24 klst. (1.sólahringurinn)	1.675
Næstu 24 klst. (2.sólahringurinn)	1.675
Hver sólahringur eftir 48 klst.	1.025

Undanþágur:

- Loftför í leitar- og björgunarflugi.
- Loftför sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
- Loftför sem flytja þjóðarhöfðingja.
- Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.

2.4 FLUGVERNDARGJALD

Brottfararfarþegar í millilandaflugi frá Reykjavík, Akureyri og Egilsstöðum, er sæta vopnaleit greiða flugverndargjald skv. eftirfarandi töflu.

Aldur farþega	Gjald per farþega (ISK)
12 ára og eldri	2.080
2-11 ára	1.075

Flugverndargjald greiðist vegna skimunar á fragt í millilandaflugi skv. eftirfarandi töflu.

Fragt	Gjald per kg (ISK)
Fragt í millilandaflugi	30

Undanþágur fyrir farþega:

- Börn undir 2 ára.
- Transfer og transit farþegar.
- Skráð áhöfn loftfars.

2.5 GJALD FYRIR ÞJÓNUSTU UTAN OPNUNARTÍMA

Gjald fyrir þjónustu utan þjónustutíma, einnig sjúkraflug.

Opnunartíma flugvalla er að finna á eftirfarandi síðu: <http://eaip.samgongustofa.is/>

Flugvellir	Tímabil	Gjald (ISK)
Reykjavík og Akureyri	16 apríl – 14 október	89.380
Reykjavík og Akureyri	15 október – 15 apríl	128.770
Aðrir innanlandsflugvellir	16 apríl – 14 október	49.990
Aðrir innanlandsflugvellir	15 október – 15 apríl	69.695

Undanþágur:

Hægt er að fá undanþágu t.d. fyrir áætlunarflug sem færast milli daga vegna veðurs. Sækja þarf skriflega um undanþágu frá þessu gjaldi til viðeigandi umdæmisstjóra áður en flugið á sér stað.

3. ÖNNUR GJÖLD

3.1 AÐGANGSKORT OG FJARSTÝRINGAR

Aðgangsskrifstofa Isavia sér um þjónustu vegna aðgangsmála svo sem útgáfu aðgangskorta, akstursleyfi, námskeið og gjöld vegna þessa. Gjaldskrá fyrir þessa þjónustu má nálgast á heimasíðu Isavia. Gjöld vegna þessa falla ekki undir almenna reglugerð um gjöld á flugvöllum.

3.2 GJALD FYRIR ÚRVINNSLU KRANA OG/EÐA ANNARA HINDRANA Í NÁGRENNI FLUGVALLA

Isavia Innanlandsflugvellir ehf. innheimtir tímagjald fyrir úrvinnslu á hindranaumsóknum. Sótt er um á heimasíðu Isavia: <https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/hafdu-samband/umsokn-um-krana-i-nagrenni-flugvallar>

Gjald per klst (ISK)	
Tímagjald sérfræðings	38.000

3.3 GJALD FYRIR BEIÐNI UM DRÓNAFLUG Í NÁGRENNI FLUGVALLA

Sækja þarf um heimild fyrir drónaflugi í nágrenni flugvalla. Sótt er um á heimasíðu Isavia: <https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/fyrirtaekid/hafdu-samband/beidni-um-dronaflug-i-nagrenni-flugvallar>

Ekki er innheimt gjald fyrir þessar umsóknir að svo stöddu.

4. ANNAÐ

Flugleiðsögugjöld eru innheimt á íslenska flugstjórnarsvæðinu sjá meðfylgjandi slóð:

<https://www.isavia.is/fyrirtaekid/vidskiptavinir/gjaldskrar-isavia/flugleidsogugjold>

Gjöld sem innheimt eru vegna annarrar þjónustu Isavia eru á kostnaðargrunni.

Flugvallarnotendum erlendis frá er bent á a Tollstjóraembættið innheimtir gjöld fyrir komu flugvéla utan opnunartíma. Gjaldskrá Tollstjóra er á eftirfarandi slóð:

<https://www.tollur.is/english>